

AUGLÝSING

um styrki samkvæmt lögum um fávítastofnanir.

Samkvæmt 5. gr. laga um fávítastofnanir nr. 53/1967 hefur styrkur á hvern dvalardag árið 1970 verið ákveðinn, sem hér segir:

Fávítahæli ríkisins, Kópavogi	kr. 500.00
Barnaheimili Templara, fávítahæli, Skálatúni	— 410.00
Vistheimilið Sólborg, Akureyri	— 410.00
Barnaheimilið Sólheimar, fávítahæli, Hverakoti, Árnassýslu	— 400.00
Barnaheimilið Tjaldanes, fávítahæli, Mosfellshreppi	— 400.00
Dagheimili Styrktarfélags vangefinna, Lyngás, Reykjavík, og dagvistadeildir fávíta	— 300.00

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. desember 1969.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

31. desember 1969.

Nr. 331.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 79 frá 27. maí 1960 um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl.

1. gr.

5. grein orðist svo: Hver sá, sem fær gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfi greiði viðskiptabönkum 0.5% af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um, þó aldrei minna en 25 kr. fyrir hvert einstakt leyfi. Af leyfum fyrir benzíni og olíum (tollskrárnúmer 27.09.00, 27.10.10, 27.10.29, 27.10.40 og 27.10.50) skal leyfisgjaldið þó aðeins vera 0.1% af fjárhæð þeirri, er leyfið hljóðar um. Leyfisgjaldið greiðist við afhendingu leyfanna.

Framsál gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfa er háð samþykki viðskiptabankanna. Óheimilt er að bjóða til sölu eða selja gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 30, 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl. sbr. 6. gr. laga nr. 69 frá 25. nóvember 1967 og öðlast gildi 1. janúar 1970.

Viðskiptaráðuneytið, 31. desember 1969.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.